



## Fagstjóri/Master's Program Director

Háskóla­setur Vestfjarða leitar að kraftmiklum einstaklingi í krefjandi starf fagstjóra meistara­náms í haf- og strandsvæðastjórnun. Meistara­námið er alþjóðlegt, þverfaglegt nám með um 20 nemendur frá hinum ýmsu löndum.

Í boði er spennandi starf í litlu en framsæknu háskóla- og rannsóknarumhverfi á Ísafirði. Fagstjórinn hefur rík tækifæri til að sýna frumkvæði með það að markmiði að skapa framúrskarandi náms- og vinnuumhverfi fyrir alþjóðlegan nemendahóp. Starfið krefst mikillar skipulagshæfni, faglegra vinnubragða og vilja til að veita frábæra þjónustu. Til greina kemur að fagstjórinn taki að sér einhverja kennslu.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun í umhverfis- og auðlindastjórnun eða tengdum fögum æskileg
- Háskóla­próf á meistarastigi
- Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni
- Frumkvæði og sveigjanleiki í starfi
- Mjög góð enskukunnátta. Kunnátta íslensku og norðurlandamáli æskileg

Staðan er auglýst til tíu mánaða vegna barneignarleyfis með möguleika á framlengingu. Nýr fagstjóri þarf að geta hafið störf í síðasta lagi 01.01.2010.

Upplýsingar veitir Peter Weiss, forstöðumaður í síma 450 3045 eða [weiss@hsvest.is](mailto:weiss@hsvest.is) eða Sigríður Ólafsdóttir fagstjóri í síma 896 5874.

Umsóknir sendist sem viðhengi á [weiss@hsvest.is](mailto:weiss@hsvest.is) og í bréfpósti.

Umsóknarfrestur er til og með 15.09.2009